



## Grundarfjarðarbær

### Gjaldskrá Grundarfjarðarhafnar

*Gildir frá 1. janúar 2018.*

1. gr.

*Gildissvið.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Grundarfjarðarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

2. gr.

*Um hafnargjöld.*

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

*Lestargjöld.*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 15,54 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

5. gr.

*Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

- a) 7,62 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.
- b) Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 95,2 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 11.892 kr. á mánuði.
- c) Bátar minni en 10 brt. greiði þó aldrei lægra en 7050 kr. á mánuði.
- d) Bátar 10 brt. til 50 brt. greiði aldrei lægra en 7.765 kr. á mánuði.
- e) Bátar 51 brt. til 100 brt. greiði aldrei lægra en 10.280 kr. á mánuði.
- f) Bryggjugjöld báta í einkastæði 10.250 kr. á mánuði.
- g) Frístundabátar og skemmtibátar sem ekki skila aflagjaldi greiði 11.900 kr. á mánuði frá 1. september til 1. maí.
- h) Skútur og skemmtibátar greiði 513 kr. fyrir hvern legudag.
- i) Skip sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá Grundarfjarðarhöfn, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn.

6. gr.

### Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hafnarsjóðs Grundarfjarðar vegna álagningar vörugjalda.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til erlendra eða innlendra hafna, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips skal láta Hafnarsjóð Grundarfjarðar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur: 360 kr. á tonn.

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. flokkur: 602 kr. á tonn.

Lýsi og fiskimjöl.

3. flokkur: 636 kr. á tonn.

a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.

b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óafengar drykkjarvörur og ávextir.

Vélar og tæki hvers konar og varahlutir þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. flokkur: 1.725 kr. á tonn.

Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

5. flokkur. Aflagjald, hlutfall af heildarverðmæti:

a) 1,39% af heildaraflaverðmæti sjávaraflla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

b) 0,70% af heildarverðmæti af frystum afla veiðiskipa í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2010. Kaupandi aflans innheimti gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

7. gr.

### Siglingavernd (ISPS).

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirtalin gjöld:

a) Farþegavernd, á hvern fullorðinn farþega .....	200 kr.
b) Öryggisgjald á hverja skipakomu .....	45.400 kr.
c) Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu, á klst. ....	5.070 kr.
d) Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu, á klst. ....	8.860 kr.

8. gr.

*Móttaka skipa.*

Festagjöld, 11.300 kr. fyrir einn starfsmann í hvert skipi.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

9. gr.

*Hafnsaga.*

- |  |           |
|--|-----------|
| a) Hafnsögugjald, á mælieiningu .....                | 5,86 kr.  |
| b) Leiðsögn til og frá höfn, fyrir tímaeiningu ..... | 6.526 kr. |
| c) Hafnsögusjóður, skip sem nota hafnsögumann .....  | 853 kr.   |

10. gr.

*Hafnsögubátur.*

Fyrir flutning á lóðs í skip og frá skipi, á hverja byrjaða klst., ..... 25.605 kr.

11. gr.

*Rafmagn.*

- Rafmagnsverð til skipa er skv. taxta rafveitna með 10% álagi.
- Rafmagnsverð til skúta og skemmtibáta, 500 kr. á dag.

Ekki er leyfilegt að fara í rafmagn nema rafmagnsmælir sé notaður til aflestrar á notkun. Smábátar sem ekki gefa upp rafmagnsstöðu greiða fyrir 25 kw á sólarhring.

12. gr.

*Leigugjöld, gámavellir*

Leiga á gámasvæði, hver fermetri á mánuði ..... 117 kr.

13. gr.

*Vatnsgjald.*

- Vatn fyrir báta undir 20 brt., á mánuði .....2.090 kr.
- Vatn fyrir báta 20-200 brt., á mánuði .....5.160 kr.
- Vatn fyrir báta yfir 200 brt., á mánuði .....8.460 kr.
- Gjald pr. selt tonn af vatni, lágmark 10 tonn ..... 340 kr.

14. gr.

*Úrgangs og förgunargjald.*

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Grundarfjarðarhöfn. taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst fyrir komu til hafnar.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/ 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skal greiða eftirfarandi:

- Úrgangsgjald:
  - a) Úrgangsgjald A á brúttótonn 0,7 kr.
  - b) Úrgangsgjald A, lágmark 6.500 kr.
  - c) Úrgangsgjald A, hámark 50.000
  - d) Úrgangsgjald B á brúttótonn 0,35 kr.
  - e) Úrgangsgjald B, lágmark 4.000 kr.
  - f) Úrgangsgjald B, hámark 25.000
  
- Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.500 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald er tekið fyrir einn einn rúmmetra óháð því hvort úrgangi er skilað í land. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila eftir gjaldskrá.
  - a) Bátar að 20 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði .....1.505 kr.
  - b) Bátar 20-200 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði ..... 5.240 kr.
  - c) Bátar yfir 200 brt. á mánaðargjaldi, á mánuði .....12.815 kr.
  - d) Fyrir hverja einstaka losun, ..... 7.500 kr.
  
- Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

15. gr.

*Vogargjöld.*

- a) Almenn vigtun, á tonn (sjávarafli) .....210 kr.
- b) Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun, .....2.045 kr.
- c) Yfirvinna/útkall hafnarstarfsmanns, .....6.752 kr.

16. gr.

*Skráningargjald og önnur gjöld.*

- a) Skráning í Lóðsinn á afla sem ekki kemur á hafnarvog, á tonn 107 kr.
- b) Kranagjald, löndun með hafnarkrana, á tonn ..... 410 kr.
- c) Lyklar seldir, pr. stk. .... 1.650 kr.

17. gr.

*Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda*

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjaldddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

18. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd.

Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

19. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum.

Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörunar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörunar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt af afhenda vörunar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

20. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24,0% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

22. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi fyrir Grundarfjarðarhöfn er samþykkt af hafnarstjórn Grundarfjarðarhafnar 16. október 2017 skv. hafnalögum nr. 61/2003 með síðari breytingum og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. janúar 2018.

*Grundarfirði, 01.11. 2017.*

Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri